

AUGLÝSING

um breyting á starfsleyfi nr. 543/1987 fyrir sorpeyðingu á Raufarhöfn
með breytingu frá 5. febrúar 1988.

1. gr.

2. gr. 5. tl. orðist svo:

Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálm innan girðingar. Ekki er leyfilegt að urða brotjárn heldur skal leitast við að það fari til brotamálmsvinnslu eftir því sem tók eru á. Svæðið umhverfis brotamálmsgeymslu og vinnslu skal vel afmarkað með jarðvegshólum, þannig að það falli vel við landslagið og ekki verði sjónlýti af bílflokum og öðru stórskrani.

2. gr.

Ný 2. gr. 8. tl. orðist svo og aðrir tl. færast til sem því nemur:

Öll losun á úrgangi í fjörur eða í sjó fram er óheimil.

3. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. maí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 27. apríl 1988 staðfest þá breytingu á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að svæði fyrir atvinnustarfsemi norðan Foldahverfis breytist í íbúðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1988.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.